

skal farmur auk þess á sama hátt auðkenndur með a.m.k. einu rauðu ljósi sem sést aftan frá og frá báðum hliðum.

Farmur sem nær meira en 100 sm fram fyrir ökutæki skal fremst á ystu brúnum auðkenndur með a.m.k. einu merki, sbr. 1. mgr. Í myrkri og skertu skyggni skal farmur auk þess á sama hátt auðkenndur með a.m.k. einu hvítu ljósi sem sést framan frá og frá báðum hliðum.

Farmur sem nær meira en 20 sm til hliðar út fyrir ökutæki og farmur sem er breiðari en 2,55 m skal auðkenndur með a.m.k. einu merki, sbr. 1. mgr. Í myrkri eða skertu skyggni skal farmur auk þess auðkenndur með a.m.k. einu hvítu ljósi sem lýsir fram og a.m.k. einu rauðu ljósi sem lýsir aftur. Merki og ljósker skulu vera yst á farminum og beggja megin ef hann stendur út af báðum hliðum ökutækisins. Merking skal alltaf vera vel sýnileg, bæði framan frá og aftan frá.

Lýsandi flötur hvers ljóskers skal vera a.m.k. 30 sm². Ljósið má ekki valda glýju, en það skal sjást í a.m.k. 150 m fjarlægð. Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal ekki vera meiri en 2 m.

Lenging á palli fjárflutningabifreiðar skal búin samskonar ljóskerum og glitaugum og krafist er aftan á vörubifreið.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt fellur úr gildi 22. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1992.

Borsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um tengingu og drátt ökutækja.

Tenging ökutækja.

1. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við bifreið sem ekið er í almennri umferð að hún hafi verið skráð til þess að draga eftirvagn.

2. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við vélknúið ökutæki að tengibúnaður þess sé af gerð og stærð sem ætluð er fyrir ökutækið sem er dregið.

3. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við ökutæki að ökutækið sem dregið er sé búið ljóskerum og glitaugum, svo sem kveðið er á um í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Skyggi ökutæki (eftirvagn eða tengitæki) sem ekki er skráð á skráningarmarki bifreiðar sem það er tengt við skal vera skráningarmarki á ökutækinu sem er dregið.

Dráttur ökutækja.

4. gr.

Ef dráttarbúnaður er taug eða stöng má fjarlægð milli ökutækis sem dregur og ökutækis sem dregið er ekki vera meiri en 5 metrar. Sé bilið meira en 3 metrar skal merkja dráttarbúnað í miðju með rauðri eða gulri veifu.

5. gr.

Pegar ökutæki er dregið af öðru ökutæki með stöng eða öðrum viðurkenndum björgunarbúnaði má ekki aka hraðar en 50 km á klst., en ef dregið er með taug má ekki aka hraðar en 30 km á klst.

6. gr.

Ökutæki má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki á meiri hraða en ökutækin, hvert um sig, eru hönnuð fyrir.

Á ökutækinu sem er dregið skulu lögboðin ljós vera tendruð. Heimilt er að nota aðeins stöðuljós á bifreið, dráttarvél eða vinnuvél sem er dregin.

7. gr.

Skráð ökutæki sem ekið er í almennri umferð má ekki nota til að draga þyngra ökutæki en það er skráð til að draga. Ökutæki sem ekki er skráningarskytt má við sömu aðstæður ekki nota til að draga þyngra ökutæki en framleiðandi ábyrgist.

Ennfremur gildir:

- a. Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki sem hefur meiri heildarþyngd en nemur helmingi af eigin þyngd bifreiðarinnar ef ökutækið sem dregið er er ekki búið aksturshemli. Þetta á þó ekki við um viðurkennda björgunarbifreið sem hefur leyfi til að flytja þyngra ökutæki.
- b. Dráttarvél má ekki nota til að draga eftirvagn/eftirvagna eða tengitæki ef minna en 50% af samanlagðri heildarþyngd ökutækjanna hvílir á hjólum með aksturshemla.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði A, C og D hluta VII. kafla reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964.

Til 31. desember 1993 er heimilt að tengja eftirvagn eða tengitæki við tengibúnað bifreiðar þótt bifreiðin sé ekki skráð til að draga ökutæki, enda hafi tengibúnaðurinn verið festur við bifreiðina fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um lyfjataknanám.**

1. gr.

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni á lyfjatækna-braut.